

Sp.

364. Breytingartillögur

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 1.4 Að greiða hlut Íslands í kostnaði vegna fyrirhugaðra sameiginlegra hafsbotns-rannsóknna Íslendinga og Dana á Hatton-Rockall-svæðinu að jafnvirði allt að 500 þúsund bandaríkjadöllum.
2. Við 6. gr. 3.11. Liðurinn orðist svo:
 - 3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, þar með talið af dráttarvélum og tækjum, til fóðuriðja. Heimild þessi tekur einnig til dráttarvéla sem keyptar hafa verið á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3. Við 6. gr. 3.23.

Liðurinn fellur brott.
4. Við 6. gr. 3.25. Við liðinn bætist: og litgrafík-vélhermi fyrir Vélskóla Íslands.
5. Við 6. gr. 3.27. 1. másl. orðist svo: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum og hlutum til þeirra til loðdýraræktar, loðkanínuræktar, fiskeldis og fiskiræktar.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstæki og skjá („monitor“) sem grunnskóli Bolungarvíkur hefur fengið að gjöf.
 - b. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum og vélum til byggingar hveitimyllu á vegum Fóðurlöndunnar hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - c. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borholumælingarbíl og búnaði hans sem Orkustofnun hyggst kaupa.
 - d. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - e. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðfærum, svo og hlutum til þeirra, í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - f. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - g. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem verða tollafgreidd á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

- h. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.
 - j. Að fella niður aðflutningsgjöld af ljósastjórnubúnaði fyrir Leikfélag Hornafjarðar og Ferðaleikhúsið.
- 7. Við 6. gr. 4.4. Liðurinn orðist svo:
 - 4.4 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem gefin voru út á árinu 1985 vegna skuldbreytingar í sjávarútvegi á grundvelli laga nr. 102/1984 og reglna settra samkvæmt þeim. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 8. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 4.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum sem gefin verða út í Granda hf. vegna sameiningar Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins hf.
- 9. Við 6. gr. 5.3.
 - Liðurinn fellur brott.
- 10. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.
 - b. Að selja flugskýli Flugmálastjórnar á Akureyrarflugvelli.
 - c. Að selja íbúðarhús í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.
 - d. Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitabjónustu.
- 11. Við 6. gr.
 - a. Við 6.13.
 - Liðurinn fellur brott.
 - b. Við 6.14.
 - Liðurinn fellur brott.
- 12. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að kaupa húsnæði fyrir varamenn sendiherra í sendiráðum Íslands og taka til þess nauðsynleg lán. Ákvörðun er bundin samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
 - b. Að kaupa og innrétta húsnæði þar sem séð verði m. a. fyrir aðstöðu til rannsóknna á alnæmi og taka til þess nauðsynleg lán. Ákvörðun er bundin samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
 - c. Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - d. Að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 13. Við 6. gr. 9.4. Liðurinn orðist svo:
 - 9.4 Að láta heimild í 2. gr. laga nr. 95/1984, um breyting á lögum nr. 18/1977, um Járblendiverksmiðju í Hvalfirði, koma til framkvæmda svo að stimpilgjöld af hlutabréfum í Íslenska járnblendifélaginu hf., að nafnverði 660 milljónir króna, verði 6 milljónir króna í stað 13,2 milljóna króna.

14. Við 6. gr. Nýir liðir:

- a. Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið allt að 5 m. kr. til Ferðamálasjóðs vegna fjárhagsvanda Hótelis Ísafjarðar, enda fallist allir aðrir lánardrottinnar á það skilyrði að gefa eftir tilsvarendi upphæð af kröfum sínum á hendur hótelinu.
- b. Að fella niður allt að 10 m. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
- c. Að semja við Lúther S. Kristjánsson um greiðslu bóta vegna uppgjörs á dánarbótum.
- d. Að fela Ríkisábyrgðasjóði að greiða niður vexti er féllu árin 1984 og 1985 á erlend stofnlán sem tekin voru vegna kaupa á bv. Stakfelli og bv. Sunnutindi. Niðurgreiðslan verði við það miðuð að lán tengd nefndum skipum verði með svipuðum vaxtakjörum og gilda um stofnlán úr Fiskveiðasjóði.
- e. Að auka hlutfé ríkissjóðs í Grænófóðuriðjunni Vallhólmi hf. í sama hlutfalli og aðrir hluthafar samanlagt kunna að auka hlutfé sitt, enda verði rekstrargrundvöllur fyrir hendi að mati fjármálaráðuneytisins.
- f. Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs lán sem tekin kunna að verða til kaupa á dýpkunarskipi, enda liggi fyrir áætlanir samgönguráðuneytisins um líkleg verkefni fyrir slíkt skip, svo og áætlanir um rekstur þess.
- g. Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál þjóðgarðsvarðar.
- h. Að semja við Akraneskaupstað um byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi.
- i. Að semja við Skallagrím hf. um uppgjör á vanskilaskuld fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.